



Selfossi, 18.6.2025

Fundargerð stjórnar

28. fundur stjórnar Brunavarna Árnæssýslu haldinn miðvikudaginn 18. júní 2025, kl. 14:00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi og á teams.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Sandra Sigurðardóttir (á teams), Árni Eiríksson, Bragi Bjarnason og Pétur Pétursson sem ritaði fundargerð.

1. Staðan á framkvæmdinni við byggingu nýrrar Björgunarmiðstöðvar á Flúðum

Pétur greindi fundarmönnum frá því að verksamningur hefði verið undirritaður við Harra Kjartansson um byggingu og byggingarstjórn Björgunarmiðstöðvarinnar á Flúðum. Undir samninginn rituðu Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri fyrir hönd Brunavarna Árnæssýslu, Daði Geir Samúelsson fyrir hönd Höllu ehf (fyrir björgunarsveitina Eyvindur), og Harri Kjartansson, framkvæmdaraðili.

2. Kaup á hluta húsnæðis Björgunarfélags Árborgar.

Pétur greindi fundarmönnum frá hækkuðu verði á húseign BFÁ við Árveg 1 en áætlað hafði verið að kaup BfÁ á þessum hluta húsnæðisins myndu hefjast árið 2024 og myndi taka 3 ár þar sem greiddar yrðu 10 milljónir króna á ári og yrðu fjármagnaðar með sértekjum BfÁ. Þetta hefur tafist samhliða töfum á framkvæmdum hjá BFÁ. Nú hefur verði gert nýtt verðmat á eigninni hjá BfÁ og er matið 40 milljónir króna. Stjórn fól slökkviliðsstjóra að fá óháðan aðila til þess að verðmeta eignina fyrir hönd BfÁ og leggja fyrir stjórn áður en gengið verður til samninga við BFÁ.

3. Önnur mál.

Pétur fór yfir 17. júní hátíðarhöld víðsvegar um sýsluna sem Brunavarnir Árnæssýslu komu að og heppnuðust vel þrátt fyrir lítilsháttar regn.

Fleira ekki gert.
Fundí slitið kl. 15:00

Undirritunarsíða

Formaður stjórnar
Helgi Kjartansson

Slökkviliðsstjóri
Pétur Pétursson

Árni Eiríksson

Bragi Bjarnason

Fjóra Steindóra Kristinsdóttir

Sandra Sigurðardóttir